



Ársskýrsla Menntaskólans við Hamrahlíð 2023



Apríl 2024

Inngangur

Ársskýrsla skóla er meðal þeirra atriða sem áskilin eru af hálfu ráðuneytis í skólasamningi. Hún er ekki formbundin að öðru leyti en því að svokallaður prófíll sem fylgir henni lýtur sniðmáti sem ráðuneytið leggur til. Skýrslunni, sem er fremur knöpp, er því alls ekki ætlað að vera ítarlegt yfirlit um starfsemi skólans á árinu heldur er hér stiklað á fáeinum atriðum og að nokkru vísað til hinnar árlegu sjálfsmatsskýrslu um frekari upplýsingar. Í skýrslunni er fjallað stuttlega um hvernig skólanum hefur gengið að ná árangursmælikvörðum sem hann hefur sett sér í stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila.

Efnisyfirlit

Nemendatölur	4
Námsbrautir	5
Ytri úttekt	5
Listdans	5
Stöðumat og stöðupróf.....	6
Kennsla, stjórnun og starfsmannahald	6
Umhverfismál.....	7
Fjármál	8
Framkvæmdir í MH	9
Samstarf við innlenda og erlenda aðila	9
Árangursmælikvarðar og markmið úr stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila	10
Lokaorð	11
„Prófill“	12

Nemendatölur

Fjöldi nemenda í byrjun vorannar 2023 var um 918. Þar af voru eldri nýnemar sem komu úr öðrum skólum 30. Á haustönn var heildarfjöldinn tæplega 1000, þar af 220 nýnemar (10. bekkingar) og 49 eldri nýnemar. Alls voru brautskráðir 236 nemendur á árinu, 155 í maí og 81 í desember. Rúmlega helmingur útskriftarnemenda var á sínu tuttugasta aldursári við útskrift. Alls voru nemendur brautskráðir af 7 námsbrautum. Flestir brautskráðust af opinni braut eða 143 og 33 af náttúrufræðibraut. Að meðaltali lauk hver nemandi 212,5 einingum til lokaprófs og um 63% útskrifaðra lauk náminu á þremur árum eða styttri tíma. Stærstur hluti brautskráðra nemenda var úr Reykjavík eða 138, 44 komu úr Kópavogi en færri úr öðrum sveitarfélögum. Þá er til að taka að fáeinir tugir nemenda úr öðrum framhaldsskólum sækja nám í norsku og sænsku í MH eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Einnig hafa nemendur úr öðrum skólum fengið að stunda nám í japönsku og kínversku við MH þar sem skólinn er sá eini sem býður upp á slíkt nám í dagskóla. Brotthvarf nýnema, samkvæmt skýrslu unninni af mennta- og barnamálaráðuneyti, var rétt tæp 4%. Ítarlegri nemendatölfræði er að finna í [sjálfsmatsskýrslu](#) skólans.



Útskriftarhópur skólans í desember 2023

Námsbrautir

Skólinn útskrifar stúdenta af sex brautum: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opinni braut, listdansbraut og IB-braut. Haustið 2023 var í fyrsta skipti hægt að velja nýja braut, listmenntabraut, en unnið var að stofnun og undirbúningi hennar á árinu. Á brautinni sérhæfa nemendur sig í listgreinum og velja á milli leiklistar og myndlistar sem aðallistgreinar. Fjölnámsbraut er áttunda brautin þar sem 16 nemendur stunda nám að jafnaði. Nemendur fjölnámsbrautar útskrifast með lokaskírteini um námsferil sinn. IB-brautin er alþjóðleg braut þar sem rúmlega 90 nemendur stunda nám. Nám á henni er skipulagt í samræmi við kröfur IB-samtakanna. Allar brautir skólans, að undanskilinni IB-braut, hafa fengið staðfestingu Menntamálastofnunar.



Dúx og semidúx með verðlaun á brautskráningu í desember 2023

Ytri úttekt

Skólinn gekk í gegnum ytri úttekt árið 2022. Gagnaöflun stóð yfir í ágúst og september en í byrjun október komu úttektaraðilar í heimsókn, þ.e. Margrét Friðriksdóttir og Unnar Örn Þorsteinsson. Úttektarteymið tók viðtöl við tæplega 60 nemendur og starfsfólk á þeim tveimur dögum sem heimsóknin stóð yfir. Heildarniðurstöður hafa verið gefnar út og eru aðgengilegar [hér](#). Skólinn getur verið stoltur af niðurstöðunni en m.a. kom fram að:

- Skólinn hefur markað sér skýra stefnu, sýn og gildi sem endurspeglast í starfi hans
- Yfirgripsmikið innra mat og árleg sjálfsmatsskýrsla er gerð
- Skólanámskrá er í sífelldri endurskoðun og birt á heimasíðu skólans
- Yfirgripsmikil þjónusta stendur nemendum til boða
- Grunnþættir náms eru hafðir að leiðarljósi í námskrá
- Í MH geta allir verið þeir sjálfir, fjölbreyttur nemendahópur
- Góð samskipti eru við foreldra/forráðamenn
- Húsnæði er snyrtilegt og aðlaðandi
- Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi í skólastarfinu: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi
- o.m.fl.

Listdans

Skólinn hefur verið með þjónustusamninga við þrjá listdansskóla: Listdansskóla Íslands, Klassíska listdansskólann og Danslistarskóla JSB. Skólinn ber ábyrgð á skráningu áfanga og einkunna nemenda allra dansskólanna sem stunda nám við flesta framhaldsskóla höfuðborgarsvæðisins. Nemendur sem

hafa verið brautskráðir af listdansbraut MH ljúka að jafnaði fleiri einingum til stúdentsprófs en nemendur hefðbundnu stúdentsbrautanna. Að jafnaði stunda 30-40 nemendur nám á listdansbraut skólans en vorið 2023 brautskráði skólinn 9 nemendur af listdansbraut.

Stöðumat og stöðupróf

Skólinn hefur boðið nemendum upp á stöðumat í fjölmörgum tungumálum, m.a. spænsku, ensku, dönsku, þýsku, ítölsku, frönsku, hollensku, víetnömsku, persnesku, pólsku, o.fl. Vandasamt er að finna matsmann/kennara í sumum þessara tungumála en nokkur vinna hefur fallið á starfsfólk skólans vegna þessa. Nemendur eru ánægðir með þessa þjónustu og hefur skipulag stöðumats verið í höndum námstjóra erlendra tungumála. Nokkuð hefur borið á því að aðrir skólar óski eftir að þeirra nemendur gangist undir stöðumat í greinum sem aðeins eru kenndar við MH. Hafa kennarar skólans verið viljugir að leysa slík mál en einnig hefur MH vísað eigin nemendum á stöðupróf í öðrum skólum, t.d. í pólsku. Árleg stöðupróf í norsku og sænsku hafa verið haldin reglulega í MH en frá og 2024 verða þau ekki lengur í boði.

Kennsla, stjórnun og starfsmannahald

Alls önnuðust 75 starfsmenn kennslu árið 2023 í u.þ.b. 61 stöðugildi. Vikulegur kennslustundafjöldi í dagskóla var í kringum 1500. Kenndir áfangar eru færri á vorönn þegar færri nemendur stunda nám við skólann en á haustönn. Yfirstjórn skólans mynda rektor, konrektor og áfangastjóri ásamt fjármálastjóra. Námsgreinar og tilheyrandi kennarar skiptast í þrjár deildir: Deild erlendra tungumála, deild samfélagsfræða (félagsgreinar, íslenska og saga) og deild náttúrufræða (raungreinar, íþróttir og stærðfræði). Forsvarsmenn þessara deilda kallast námstjórar og eru þeir í 50% starfi við stjórnun. Aðrir millistjórnendur (í hlutastörfum sem slíkir) á kennslusviði eru IB-stallari og deildarstjóri fjölnámsbrautar (sérnámsbrautar). Tveir starfsmenn annast almenna afgreiðslu á skrifstofu og bókhaldsstörf í samtals 1½ stöðugildi. Náms- og starfsráðgjafar eru þrír í samtals 2,8 stöðugildum, sálfræðingur er í 0,6 stöðugildi og bókasafns- og upplýsingafræðingar eru tveir í 1,8 stöðugildi. Í námsveri skólans starfa þrír kennarar í u.þ.b. tveimur stöðugildum. Skjalastjóri er í 0,5 stöðugildi og persónuverndarfulltrúi í 0,2 stöðugildi. Tveir starfsmenn annast umsjón húsnæðis, tölvu- og tæknimála og matráður sér um mötuneyti starfsfólks ásamt aðstoðarmatráði. Fjórir vinna við ræstingar í u.þ.b. 3 stöðugildum en auk þess sér fyrirtækið iClean um ræstingu á kennslustofum og almennum rýmum skólans. Lítil starfsmannavelta er við skólann og starfsaldur er hár.



Stjórnendur ásamt tveimur kennurum sem létu af störfum í desember 2023

Umhverfismál

MH kom á fót umhverfisstjórnunarkerfi í lok árs 2023 en það var liður í að ljúka fimmta og síðasta skrefinu í verkefninu Græn skref ríkisstofnana sem Umhverfisstofnun stýrir.

Stoðir umhverfisstjórnunarkerfisins eru nokkrar:

- Umhverfisþættir í starfsemi MH
- Lagakröfur á sviði umhverfismála sem snúa að starfseminni
- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Markmið- og aðgerðaáætlun í umhverfis- og loftslagsmálum
- Fræðsluáætlun fyrir starfsfólk
- Rýni stjórnenda
- Verklagsreglur um alla ofangreinda þætti sem tryggja eftirfylgni og stöðugar umbætur á kerfinu

Yfirmarkmið umhverfis- og loftslagsstefnu MH er að fram til ársins 2030 muni skólinn draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% miðað við árið 2019. Helstu umhverfisþættir í starfsemi MH eru úrgangsmyndun, orkunotkun, samgöngur, innkaup, efnanotkun og umhverfisfræðsla. Markmið og aðgerðir í öllum þessum þáttum eru sett fram aðgerðaáætlun og skólinn skuldbindur sig til að kolefnisjafna alla losun.

Skólinn færir grænt bókhald á hverju ári og skilar því til Umhverfisstofnunar. Þar er kolefnisspor skólans reiknað. Grænt bókhald hefur sýnt að árangur skólans á ýmsum sviðum hefur batnað ár frá ári, t.d. hefur úrgangur minnkað og endurvinnsluhlutfall hækkað.

Skólinn leggur áherslu á að hvetja til umhverfisvænna samgangna. Starfsfólki stendur til boða að gera samgöngusamning við skólann og nemendur geta tekið áfanga í íþróttum sem heitir hjólum í skólann.

Sérstök umhverfisnefnd er starfandi þar sem bæði starfsfólk og nemendur eiga fulltrúa. Nefndin vinnur m.a. að Grænfánaverkefninu Skólar á grænni grein en umhverfisfræðsla hefur meðal annars verið miðlað gegnum það. Árangur þess starfs hefur nú verið staðfestur af Landvernd tvisvar sinnum, síðast í lok árs 2021. Stefnt er að því að halda þessu góða starfi áfram og að skólinn verði Grænfánaskóli til framtíðar.

Skólinn vill stuðla að aukinni umhverfisfræðslu til nemenda. Í því skyni var gerð breyting á bundnu vali á öllum brautum skólans þannig að frá og með hausti 2024 velja allir nemendur milli áfanga í umhverfisfræði og kynjafræði. Með þessu móti er reynt að tryggja að fleiri nemendur læri umhverfisfræði en reyndin var áður þegar fagið var einungis eitt af mörgum valfögum sem skólinn bauð upp á.

Umhverfismál er málaflokkur þar sem aldrei má sofna á verðinum. Skólinn stefnir stöðugt að framförum og bættum árangri á þessu sviði með því að vinna ötullega að öllum þeim atriðum sem hér hefur verið fjallað um.


Fjármál

Fjárhagsstaða skólans versnaði á árinu 2023 en var innan ramma fjárheimilda.

Á árinu 2023 voru heildarútgjöld skólans um 1.781,1 millj. kr. sem var um 30,2 millj. kr. meira en nam fjárveitingum og tekjum. Því versnaði rekstrarstaða skólans á árinu sem nemur þeirri fjárhæð og er hrein eign skólans í árslok 2,6 millj. kr.

Fjárveitingar og tekjur hækkuðu um 91,8 millj. kr. á milli ára. Fjárveiting til skólans ræðst m.a. af áætluðum ársnemendum. Gjöld hækkuðu um 60 millj. kr. þar af laun um 24,5 millj. kr. og húsaleiga um 30,5 millj. kr.

Fjárveitingar og tekjur	- 1.750.932.904
Gjöld	1.781.106.835
Mismunur	30.173.931



Fjárfestingar á árinu 2023 námu samtals 20 millj. kr. og voru helstu fjárfestingar endurnýjun á húsgögnum í kennslustofum um 7,7 millj. kr., önnur húsgögn um 4,8 millj. kr. og endurnýjun á tölum 6,3 millj. kr.

Framkvæmdir í MH

Skólinn skilar framkvæmdaáætlun til Ríkiseigna á hverju ári. Í samvinnu við Ríkiseignir og arkitekta hússins er búið að gera framkvæmdaáætlun til fimm ára. Unnið var að almennu viðhaldi innanhúss en stærsta framkvæmdin var að setja upp fullkomna mótuneytisaðstöðu á Matgarði sem opnaði í byrjun árs 2024. Mótuneyti fyrir nemendur hefur verið efst á forgangslista sl. misseri og er mikilvægt að geta boðið nemendum upp á heitan mat og salatbar í hádeginu í samræmi við stefnu heilsueflandi framhaldsskóla. Á næstu árum eru frekari framkvæmdir fyrirhugaðar til að bæta aðstöðu nemenda og starfsfólks og fegra umhverfi skólans.

Samstarf við innlenda og erlenda aðila

Skólinn er í samstarfi við International Baccalaureate samtökin um nám til alþjóðlegs stúdentsprófs sem kennt er á ensku. Samstarfið felur m.a. í sér skuldbindingu stjórnenda og kennara að sækja námskeið sem IB-samtökin bjóða upp á.

Sem fyrr hefur skólinn haft samvinnu við Listdanskóla Íslands, Danslistarskóla JSB og Klassíska listdanskólann vegna listdansnáms. Nemendur á listdansbraut taka alla áfanga sem tengjast námi í dansi í viðkomandi dansskóla. Skólarnir þrír eru með þjónustusamning við mennta- og barnamálaráðuneytið um að sjá um danskennsluna fyrir MH.

Skólinn hefur einnig gert samstarfssamning við Menntaskóla í tónlist (MÍT) þar sem nemendur hans taka bóklegan hluta námsins í MH. Á haustönn 2023 voru rúmlega 40 nemendur sem stunduðu nám í MÍT og MH.

Skólinn er þátttakandi í tveimur ERASMUS-verkefnum. Það felur í sér móttöku gesta, þ.e. nemenda og kennara, og skólinn sendir einnig nemendur og starfsfólk út til samstarfslandanna.

Skólinn er í samstarfi við nokkra aðila í tengslum við tungumálakennslu. Samstarf við Kofúsíusarstofnunina Norðurljós við Háskóla Íslands um kínverskukennslu hefur staðið frá árinu 2011 og hefur verið farsælt. Samstarfið gerir MH kleift að halda úti kínverskukennslu þótt um fáa nemendur sé að ræða. Ítölsk stjórnvöld hafa um árabil styrkt ítölskukennslu við skólann en skólinn er sá eini sem kennir tungumálið í dagskóla á Íslandi.

Enn fremur er samvinna við nokkra grunnskóla um að nemendur þeirra taki byrjunaráfanga í MH sem valgrein í 10. bekk, einkum í stærðfræði, íslensku og ensku. Grunnskólarnir sjá alfarið um kennsluna og nemendurnir taka próf í viðkomandi áfanga í MH á prófatíma í maí.

Grænfánaverkefnið, eins og áður hefur komið fram, er sem fyrr unnið í samstarfi við Landvernd og Græn skref í samstarfi við Umhverfisstofnun.

Í áratugi hefur skólinn verið í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ um móttöku og þjálfun kennaranema. Að jafnaði eru 10-15 kennaranemar í húsi sem fá þjálfun og menntun í mismunandi faggreinum.

Á [heimasíðu skólans](#) eru nánari upplýsingar um yfirstandandi verkefni.

Árangursmælikvarðar og markmið úr stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila

Skólinn hefur sett sér metnaðarfull markmið og árangursmælikvarða sem tengjast ólíkum þáttum starfseminnar. Tekist hefur að uppfylla sum markmiðin að fullu, sum að hluta, en hægar gengur með önnur.

Markmið í stefnumiðaðri áætlun stjórnvalda

Að hækka hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi frá MH á þremur árum

Eitt af meginmarkmiðum skólans er að fleiri nemendur ljúka stúdentsprófi á sex önnum (þremur árum) og að einingum sem nemendur ljúka á ári fjölgi. Á árinu 2023 luku um 63% nemenda náminu á þremur árum og nemendur skólans luku að jafnaði um 50-60 einingum á ári, mismunandi eftir brautum. Þess ber að geta að nokkuð stór hópur stundar hlutanám (t.d. í norsku, sænsku og nemendur frá Menntaskóla í tónlist) og hefur það áhrif á meðaltal lokinna eininga. Einnig má geta þess að tugir nemenda stunda fjarnám í öðrum framhaldsskólum samhliða náminu í MH, einkum í FÁ, VÍ og Menntaskólanum á Tröllaskaga. Fjöldmargir nemendur seinka útskrift til að taka umframeiningar og undirbúa sig betur fyrir nám á háskólastigi.

Hækka nýtingarhlutfall úr áföngum

Lögð er sérstök áhersla á að hækka nýtingarhlutfall, þ.e. fjölga nemendum sem gangast undir lokapróf í áföngum og útskrifast þar af leiðandi á réttum tíma. Síðustu misseri hefur þetta hlutfall haldist stöðugt í kringum 95%.

Bæta mætingu nemenda

Á haustönn 2023 tóku nýjar skólasóknarreglur gildi og er þeim ætlað að bæta mætingu en einnig auka aðhald og stuðning við nemendur sem eru með miklar fjarvistir. Í þeim er fullt tillit tekið til veikinda, þ.e. engar fjarvistir eru skráðar á veikindadögum. Auk þess er hlutfall skólasóknar aukið úr 80% í 90% enda er þá búið að draga frá öll veikindi og leyfi sem nemandinn hefur fengið á önninni.

Til að styðja betur við nám nemenda þá þurfa nemendur sem hyggja á úrsögn úr áfanga að fá ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjöfum, námstjórum eða áfangastjóra. Þetta úrræði hefur gefið góða raun og haft jákvæð áhrif á nám nemenda.

Nánari tölfræðiupplýsingar er að finna í [sjálfsmatsskýrslu MH](#).

Að auka starfsánægju og skilvirkni í rekstri

Skólinn hefur lagt metnað í að auka starfsánægju og skilvirkni í rekstri. Síðastliðið ár varð skólinn nr. 5/50 í könnuninni Stofnun ársins í flokki stærri stofnana ríkisins. Skólinn hefur verið fyrirmyndarstofnun sl. fjögur ár. Starfsmannasamtöl eru í reglulegu ferli. Starfsfólki hefur verið boðinn samgöngustyrkur til að hvetja til vistvænna samgangna og heilbrigðs lífennis. Alls nýttu tæplega 30 starfsmenn sér samgöngustyrk. Markviss upplýsingagjöf er í föstu ferli með vikupistlum rektors til starfsmanna og hefur þeim verið vel tekið. Auk þess er rafrænt fréttabréf sent á aðstandendur nemenda tvisvar sinnum á haust- og vorönn og hefur því verið afar vel tekið. Fréttabréfin eru aðgengileg á heimasíðu skólans á íslensku og ensku.

Undirbúningur undir jafnlaunavottun hófst fyrir alvöru vorið 2019. Stýrihópur um jafnlaunakerfi vann að skipulagi kerfisins og innleiðingu en hópinn skipa rektor, konrektor, fjármálastjóri og skjalastjóri. Skólinn fékk fyrst jafnlaunavottun í júní 2020 sem gildi í þrjú ár og staðfest var með árlegri viðhaldsúttekt. Endurvottunarúttekt fer fram árlega og hefur Jafnréttisstofa staðfest endurvottun til þriggja ára, þ.e.

2023-2026. Niðurstaða árlegra launagreininga hefur sýnt að lítill launamunur mælist á milli kynja. Markmið skólans er að munurinn sé ávallt innan við 1,5% og hefur það markmið náðst á hverju ári.

Umhverfismálin skipa æ stærri sess í starfsemi skólans en þau hafa áhrif á rekstur hans eins og allt annað. Skólinn er þátttakandi í Grænum skrefum ríkisstofnana eins og fjallað var um hér á undan og hefur lokið öllum skrefunum fimm. Einn liður í Grænum skrefum er að færa grænt bókhald og skila því til Umhverfisstofnunar á hverju ári. Grænt bókhald veitir margvíslegar upplýsingar, t.d. um kaup skólans á vörum og þjónustu og magn úrgangs, og þar er kolefnisspor skólans reiknað. Skólinn hefur skuldbundið sig til að kolefnisjafna alla losun, t.d. með því að kaupa vottaðar kolefniseiningar, og var það gert í annað sinn á árinu 2023.

Eitt af markmiðum skólans er betri nýting fjármuna. Skólinn leggur metnað í að leita tilboða um kaup á búnaði frá fyrirtækjum sem eru með rammisamning við ríkið. Einnig er haft reglulegt eftirlit með fjárhagsstöðu með mánaðarlegum fundum stjórnenda og fjármálastjóra.

Lokaorð

Skólastarfið árið 2023 einkenndist af fjölbreyttum áskorunum þar sem reyndi á ólíka hæfni, þekkingu og leikni nemenda og starfsfólks. Umhverfi skólans er líflegt og í hverri viku eru viðburðir á vegum nemenda sem gefa fjölbreyttum hópi tilefni til að taka þátt hverju sinni. Lögð er áhersla á að hver og einn geti dafnað og þroskast í skólastafinu á eigin forsendum. Skólinn stendur vel að vígi þrátt fyrir þungan rekstur og starfsemin blómstrar á sinn hátt samkvæmt gildum skólans.

MH, 8. apríl 2024
Steinn Jóhannsson
rektor

„Prófill“

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna: MH er skóli með tæplega 1000 nemendur og liðlega 100 starfsmenn í 10.000 fermetra húsnæði. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum 2023 voru 930.

Námsframboð: Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. aðalnámskrá framhaldsskóla: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opin braut, listmenntabraut og listdansbraut til stúdentsprófs. Samkvæmt sérstakri námskrá International Baccalaureate Organization og heimild menntamálaráðherra frá 1997: IB-námsbraut, þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs. Þá er fjölnámsbraut (sérnámsbraut) við skólann með vísan framhaldsskólalaga og laga um málefni fatlaðra.

Framkvæmd markmiða: Markmiðin sem fram koma í viðauka við skólasamning hafa sum náðst að fullu en önnur voru áfram í farvegi. Skólinn hefur verið rekinn innan fjárheimilda. Að öðru leyti má vísa til tímabundinna (deili)markmiða og framgangs þeirra í sjálfsmatskýrslu ársins.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Í [sjálfsmatskýrslu](#) eru sett markmið fyrir ýmsa þætti skólastarfsins. Unnið var að fjölbreyttum umbótamarkmiðum. Á árinu var m.a. lögð áhersla á skjalamál, jafnlaunavottun, endurnýjun tölvu- og húsbúnaðar og umhverfismál. Auk þess var ákveðið að auka þjónustu við nemendur með því að hækka starfshlutfall í náms- og starfsráðgjöf og bjóða upp á stoðtíma í raungreinum.

Úttektir: Skólinn fékk niðurstöður ytri úttektar í hendurnar síðla árs 2022 en matið fór fram í október. Niðurstaðan reyndist jákvæð og athugasemdir minniháttar. [Skýrsla úttektaraðila](#) er aðgengileg á heimasíðu Menntamálastofnunar. Auk þess fór skólinn í gegnum sjálfsmat á IB-náminu 2022-2023 en IB-samtökin sáu um matið sem var gefið út í apríl 2023.

Afkoma, rekstrarstaða: Heildarútgjöld árið 2023 voru 1750 millj. kr. sem var meira en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Brottfall: Brotthvarf nýnema var undir 4% sem er í samræmi við stefnu skólans.

Stjórnun: Auk rektors, Steins Jóhannssonar, er konrektor Helga Jóhannsdóttir, áfangastjóri Guðlaugur Pálmi Magnússon, fjármálastjóri Signý Marta Böðvarsdóttir, þrír námstjórar, deildarstjóri IB-náms og deildarstjóri fjölnámsbrautar.

Samvinna við aðra:

Samvinna við IB-samtökin vegna alþjóðlegs stúdentsprófs sem MH býður upp á. Listdansskóli Íslands, Danslistarskóli JSB og Klassíski listdansskólinn eru samstarfsskólar um listdanskennslu. Konfúsíusarstofnunin Norðurljós við HÍ er í samstarfi vegna kínverskukennslu. Samvinna við grunnskóla er vegna framhaldsskólaáfangar grunnskólanema. Við Menntaskóla í tónlist er samstarf varðandi bóklega áfanga nemenda á stúdentsbrautum. Skólinn er í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ um móttöku og þjálfun kennaranema. Samstarf við Landvernd er vegna Grænfánaverkefnis og Umhverfisstofnunar um Græn skref ríkisstofnana.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Undirbúningur fyrir háskólanám, ríkulegt og fjölbreytt val nemenda, umsjón með norsku- og sænskukennslu á framhaldsskólastigi, alþjóðleg námsbraut, kjarnaskóli í listdansi, skólakór Menntaskólans við Hamrahlíð.